

Siglufirði 16. janúar 2020

Bæjarráð Fjallabyggðar

Öryggi barna og ungmenna í umferðinni

Snemma á síðasta ári og undir lok árs mætti ég á opna fundi bæjarfulltrúa til að ræða umferðaröryggismál í Fjallabyggð. Síðustu ár hafa ítrekað heyrst áhyggjuraddir frá bæjarbúum varðandi öryggi barna í umferðinni og þó eitthvað hafi áunnist í þessum efnum í seinni tíð er töluvert ógert.

Á ofangreindum fundum lagði ég m.a. fram eftirfarandi lista yfir augljósar slysagildirur:

- ! Staðsetning gangbrautar og skortur á góðri lýsingu móts við kirkjugarðinn í Ólafsfirði. Staðkunnugir telja rétt að færa gangbrautina norðar, á móts við sundlaugarstíginn svokallaða. Þarna er mikil umferð grunnskólabarna, jafnt á leið í skóla sem og í íþróttamannvirkin og á leikvöllinn.
- ! Umferð fram hjá knattspyrnuvellingnum í Ólafsfirði. Bílar sem koma af Lágheiðinni og úr sunnanverðum firðinum keyra oft á miklum hraða þar fram hjá. Á þessu svæði er KF með sumaræfingar barna og leikjanámskeið og því mikil ástæða til að huga að öryggi á svæðinu. Runnagróður við völlinn skyggir mikið á sýn ökumanna og hætta er á að börn getið hlaupið óséð út á veginn. Þarna, eins og svo víða annars staðar er hraðahindrun augljós og einföld leið til að hægja á umferð og þar með að auka á öryggi
- ! Bæta þarf lýsingu og gera ráðstafanir til að draga úr hraða við íþróttamiðstöðina á Siglufirði enda hafa foreldrar ítrekað lýst yfir áhyggjum vegna umferðar þar.

Ég óska eftir upplýsingum um hvort Fjallabyggð hyggist ráðast í þessar framkvæmdir og ef svo er, hvenær er áætlað að þeim ljúki.

Mörgum atriðum má bæta við listann, en mestu skiptir að bæjarstjórn hugi að þessum málum af krafti, eyði augljósum slysagildrum hið fyrsta og ráðist í aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í bænum.

Aðgerðir sem þessar eru ekki dýrar, en geta skipt miklu máli varðandi öryggi barna og ungmenna í umferðinni.

Með kveðju

Björn Valdimarsson
Aðalgötu 8
Siglufirði